

Nd.

933. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 2. gr. (28. gr.). Síðari málgrein b-liðar orðist svo:
Heimilt er bæjar- eða sveitarstjórn þó að skylda kaupgreiðendur til að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febr. næsta ár eftir gjaldárið, enda sé kaupgreiðanda tilkynnt sú ákvörðun við byrjun sex mánaða greiðslutímabilsins.
2. Við 2. gr. (29. gr.). Aftan við e-lið bætist:
Bæjar- eða sveitarstjórn ber í hverju tilfelli að taka fullt tillit til, af hvaða ástæðum vangreiðsla á útsvari er til orðin, og aldrei mega þær ganga lengra í kröfum sínum en svo, að viðkomandi útsvarsgreiðandi hafi nægilegt fyrir sig og sína að leggja.
3. Við 4. gr. Aftan við greinina komi: Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.